

## REGLUGERÐ

### um úthlutun bóta vegna atvinnuleysis.

#### 1. gr.

Úthlutun bóta vegna atvinnuleysis skal vera undir stjórn nefnda, sem skipaðar eru 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi, verkalýðsfélögum eða félagasambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndin kys sér formann og ritara. Úthlutunarnefndir skulu halda gjörðabók um störf sín og í hana skulu allar ákvarðanir skráðar. Úthlutunarnefndir ákveða afgreiðslustað og tíma og auglýsa það með þeim hætti, sem tíðkast á hverjum stað.

Rétt er verkalýðsfélögum að gera samkomulag um sameiginlega úthlutun bóta fyrir fleiri félög, og skal þá ein úthlutunarnefnd stjórna úthlutun bóta til bótaþega viðkomandi félaga.

#### 2. gr.

Hlutverk hverrar úthlutunarnefndar er að úthluta bótum vegna atvinnuleysis til félagsmanna þeirra verkalýðsfélaga, sem aðild eiga að nefndinni.

#### 3. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin.

Kostnaður greiðist úr sérreikningi félagsins við atvinnuleysistryggingasjóðinn.

#### 4. gr.

Ef ekki næst í nefndinni einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs og er úrskurður hennar í málinu endanlegur. Sá, er sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði nefndarinnar til sjóðsstjórnar.

Nefndarmaður, sem áfrýja vill úrskurði, skal innan 14 daga frá uppkvaðningu hans hafa sent stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs áfrýjun skriflega, en umsækjandi um bætur innan 14 daga frá því honum var kunngerður úrskurðurinn. Skal í áfrýjunarskjali greina ástæður til áfrýjunar, en í því sambandi er nefndarmanni heimilt að vísa til ágreiningsatkvæðis, sem hann hefur ritað á bótaumsókn.

#### 5. gr.

Sá, er sækir um bætur, skal afhenda nefndinni umsókn í tvíriti, ritaða á eyðublað, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skylt er umsækjanda að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að úrskurða bætur.

#### 6. gr.

Rétt til bóta samkvæmt reglugerð þessari hafa þeir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a. eru orðnir 16 ára,
- b. dvelja hérlandis,
- c. eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum,
- d. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað tryggingaskylda vinnu í a. m. k. 1032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir, ef um reglubundna hálf dagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt skv. kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélags-

ins. Enginn getur öðlazzt bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru trygginga-skyld.

Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði.

Hafi sá, sem verður 16 ára, stundað áskilda vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið a. m. k. þriðjung þessa dagvinnustundafjölda, eftir að hann varð 16 ára.

Hver róðrardagur við sjósjókn, sbr. 3. mgr. 4. gr. 1. 57/73 telst 12 klukku-stundir, en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið trygginga-skylda dagvinnu hjá öðrum.

Sá, sem tekur starfi, sem ekki er tryggingarskyld skv. reglugerð þessari, og stundar það allt að 24 mánuðum, missir ekki, að loknu því starfi, þann bóta-rétt, sem hann kann að hafa áunnið sér, áður en hann tók starfinu. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Bótarétt getur enginn öðlazzt vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði þessarar mgr. gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í d-lið 7. gr.

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 9. gr.

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast tímabili, sbr. 2. mgr. 9. gr., þó að hann vegna atvinnuleysis hafi ekki stundað vinnu svo sem áskilið er í upphafi þessa stafliðs, enda hafi hann gætt þess að láta skrá sig, sbr. síðustu mgr. þessarar greinar.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bóta-tímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

e. sanna með vottorði vinnumiðlunar skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi verið atvinnulausir einn eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 7. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig hjá vinnu-miðlun, skv. lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

#### 7. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til,
- b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar,
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkju-skaparóreglu,
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan,
- e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunar-skrifstofu, skv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó

Því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkþann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við kjarasamninga eða taxta hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða voshúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur,

f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur þegar tekjur af,

g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

Sá, sem hefur orðið uppvís að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vísitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bótamissi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brotið fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslu, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftart rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

### 8. gr.

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 6. gr. d. og 7. gr. e. ef ástæða þykir til.

### 9. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 6. gr., sbr. 7. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá heilu daga, sem hann hefur verið atvinnulaus. Bætur greiðast þó ekki fyrir færri en þrjá atvinnuleysisdaga í senn.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og engum skulu greiddar slíkar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum.

### 10. gr.

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur skv. b-lið þessarar greinar. Bætur skv. c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa, skv. grein þessari, einnig karl og kona, sem búa saman, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

b. Til einstaklings skal greiða á sama hátt 70% af launum.

c. Til bótaþega skal á sama hátt greiða 6,5% vegna hvers barns yngra en 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með, skv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarbréfi. Aldrei skal þó greiða bætur vegna fleiri en þriggja barna til hvers bótaþega.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta skv. lögum um almanna-tryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en bætur almanna-trygginga. Með bótum almanna-trygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Bótaþegi, sem öðlast hefur bótarétt vegna hálf dagsvinnu, sbr. d-lið 6 gr., skal fá greiddar hálfar bætur, sbr. a—c-lið þessarar greinar. Þó skal slíkur bótaþegi, sem stundað hefur heildagsvinnu síðasta mánuðinn, áður en bótagreiðslur hefjast, fá greiddar fullar bætur.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé skv. reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

#### 11. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til.

#### 12. gr.

Nefndin skal gera skrá um þá menn, sem hún úrskurðar bætur. Skal á skrá þessari tilgreina, hvorrar tegundar bætur eru og hve háar. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess einnig getið í skránni og tilgreina í hverju ágreiningur sé fólgin. Skrá þessa skal nefndin senda umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins ásamt öðru eintaki bótaumsóknar með tilheyrandi fylgiskjölum. Hafi bótaþega áður verið úrskurðaðar atvinnuleysisbætur á sama bótatímabili, skal skránni fylgja úrskurður um framhaldsbætur ásamt framhaldsvottorði vinnumiðlunar.

#### 13. gr.

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni, eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslurnar. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 6.—10. gr. reglugerðar þessarar, láta úthlutunarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bóta til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

Reglugerð þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973: